

## Kirkjuþing unga fólksins 2012 – skýrsla verkefnisstjóra.

### Almennt um undirbúning:

Kirkjuþing unga fólksins var haldið í Grensáskirkju föstudaginn 09. nóvember 2012. Undirbúningur hófst að fullu um mánaðarmótin ágúst/september 2012, en bréf frá biskupi Íslands hafði farið út nokkru fyrr þar sem boðað var formlega til þingsins. Líkt og gerðist í skipulagningu á þinginu árinu á undan, þá gekk illa framan af að fá tilnefningar á ungum fulltrúum á þingið og á þingdegi voru mættir 20 ungir fulltrúar og náðu því miður ekki öll prófastdæmi að senda fulltrúa fyrir sína hönd. Tel ég að að margar ástæður liggja að baki og meðal annars sú að þingið er haldið á föstudegi og mörg ungmenni eiga erfitt með að fá leyfi úr skóla. Tel ég að skoða mætti það að hafa þingið á laugardegi og einnig að hafa það að vori líkt og segir til um í starfsreglum en það mun líka auðvelda meðferð mála sem unnin eru og afgreidd á kirkjuþingi unga fólksins að fara rétta leið í gegnum kirkjuráð og inn á hið almenna kirkjuþing ef þau eru til þess fallin að enda þar. Benti ég einnig á þetta eftir kirkjuþing unga fólksins 2011. Einnig tel ég brýnt að endurskoða reglur um val á fulltrúum, í núverandi starfsreglum um Kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 kemur fram að prófastar beri ábyrgð á vali fulltrúanna. Skoða mætti það að víkka út þá ábyrgð, nefna jafnvel til dæmis sóknarpresta, presta, djákna og æskulýðsfulltrúa sem bera jafnan ábyrgð á því starfi sem fer fram meðal ungs fólks í kirkjunni, þannig að fleiri væru kallaðir til þegar kemur að tilnefningum á fulltrúum þannig að klárt sé að boðin skili sér til allra sem eru í tengslum við ungt fólk í kirkjulegu starfi. Birta mætti beiðni um tilnefningar á ungum fulltrúum á Kirkjuþing unga fólksins á heimasíðu kirkjunnar og bréfleiðis til kirkna um land allt. Þannig væri það ljóst að allir væru meðvitaðir um þetta mikilvæga verkefni. Stefna á síðan sjálfsögðu að því að kjósa á þetta þing ungs fólks í hverju héraði og hver fulltrúi sé a.m.k kjörinn til tveggja ára í senn. Þannig myndast þekking og árangur sem skilar meiri gæðum til kirkjunnar þegar til framtíðar er litið.

### Mál á KUF 2012:

Á þessu þingi voru lögð fram 6 þing mál:

Mál : Tillaga til þingsályktunar um afstöðu gegn einelti

Mál 2: Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi Kirkjuþings unga fólksins

Mál 3: Tillaga til þingsályktunar um mikilvægi skimunar starfsfólks í kristilegu æskulýðsstarfi og um mikilvægi þess að farið sé eftir siðareglum í kristilegu barna- og unglingastarfi.

Mál 4: Tillaga til þingsályktunar gegn niðurskurði sóknargjalda og um tafarlausa leiðréttingu.

Mál 5: Tillaga til þingsályktunar um innflytjendamál

Mál 6: Tillaga til þingsályktunar um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar.

Sjá má nánar um málin, dagskrá og nöfn fulltrúa á þinginu hér: <http://kirkjuthing.is/kirkju-ing-unga-f-lksins-2012>

### **Af þinginu sjálfu og árangri þess:**

Almennt gekk þingið vel, Frú Agnes Sigurðardóttir biskup Íslands stýrði helgistund í upphafi Magnús E. Kristinsson forseti kirkjuþings stýrði þinginu fram yfir kjör á forseta og varaforseta. Forseti Kirkjuþing unga fólksins var að þessu sinni, líkt og í fyrra, Jónína Sif Eypórsdóttir. Varaforsetar voru tveir, Gísli Davíð Karlsson KFUM og K og Halldóra Jónasdóttir, Vestfjarðarprófastdæmi. Ritarar voru Hafþór Freyr Líndal, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastdæmi og Díana Guðmundsdóttir, Reykjavíkurprófastdæmi eystra.

Gaman var að fylgjast með því hve vel málin voru unnin og sköpuðust þó nokkrar umræður um hvert og eitt þeirra. Málin voru síðan rædd frekar í nefndum og var það almenn skoðun fólks að tíminn væri ekki nægur til að klára málin enda mörg þeirra þannig að ræða þurfti þau frá mörgum sjónarhornum og þar sem skila þarf nefndaráliti innan þeirra tveggja tíma sem gefnir eru, þá þarf lengri tíma til að vinna nefndarstörfin ítarlega. Sú hugmynd kom upp að gefa þurfti lengri tíma til að klára þessa vinnu svo að vel sé með því að hefja jafnvel þingið degi fyrr, að kvöldi til með fyrstu umræðu þingmála og hafa seinni daginn til að klára nefndarstörfin og ljúka afgreiðslu mála. Það er hugmynd sem vert væri að skoða. Sérstaklega ef þróunin verður sú að málum fjölgi, en árið 2011 voru þau þrjú en árið 2012 orðin sex sem er helmings fjölgun. Þannig að tíminn styttist sannarlega til klára málin eftir því sem þeim fjölgar á meðan tímarramminn helst sá sami.

Allt gekk þetta þó vel og ungmennin sem sátu þingið eiga hrós skilið fyrir vinnusemi, dugnað og starfsgleði enda ljóst að sá hópur sem sótti þingið hefur áhuga á kirkjunni sinni og að láta gott af sér leiða í hennar þágu með því að stuðla að jákvæðum breytingum. Það eru stórkostleg forréttindi að verða vitni að slíku. Við lok þingdags voru öll málin afgreidd úr nefnd og nefndarálit skiluðu sér til forseta. Málin voru síðan afgreidd fullunnin með samþykki þingmanna.

Jónína Sif Eypórsdóttir var kjörin áheyrnarfulltrúi Kirkjuþing unga fólksins inn á hið almenna kirkjuþing sem hófst þann 10. nóvember í Grensáskirkju. Það er gaman að geta sagt frá því að hún tók að sér að vera flutningsmaður máls á kirkjuþinginu, mál sem var eitt af þingmálunum sex á Kirkjuþingi unga fólksins. Þetta er málið sem snýr að mikilvægi skimunar starfsfólks í barna- og unglíngastarfi og var þess krafist að undantekningin á 217 gr. almennra hegningarlaga væri tekin úr samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá, þar sem horft var til KFUM&K, ÍTR og fleiri stofnana en skimun þeirra hefur verið ítarlegri en sú sem hefur verið

við lýði innan kirkjunnar en þar hefur verið beðið um leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá ríkisins en ekki er horft til brota sem dómur hafa fallið um á grundvelli 217 grein alm.hgl um minni háttar líkamsmeiðingar. Lagt var til að þessi undanþága yrði felld niður sem hefur verið inni í starfsreglum um val og veitingu á prestsembættum nr: 1109-2011 og í starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2012. Þetta mál er fertugasta og annað þingmál og má sjá nánari umfjöllun um það hér: <http://kirkjuthing.is/mal/2012/42>. Hér má sjá frétt á vef kirkjuþing um samþykkt á þessu máli: <http://kirkjuthing.is/frett/1819>.

Það er skemmst að segja frá því að þessi tillaga var samþykkt, með breytingartillögu frá löggjafarnefnd og er þessi undanþága ekki lengur inn í starfsreglum. Þetta er heilmikill áfangi fyrir kirkjuþing unga fólksins sem þarna kom mikilvægu málefni á dagskrá, bæði á þingdegi unga fólksins og fékk síðan áheyrn á hinu almenna kirkjuþingi og brautargengi þar. Með þessu má sjá að ungt fólk getur haft áhrif í kirkjunni og komið sínum málum áleiðis, kirkjunni, ungu fólki og æskulýðsstarfinu til heilla og blessunar.

Starfsfólk biskupsstofu var okkur afskaplega liðlegt í undirbúningi kirkjuþingsins sem og á þingdegi, biskup Íslands og vígslubiskupar, forseti kirkjuþings og allir aðrir sem létu sig þetta þing varða eru hér færðar þakkir fyrir samstarfið með ósk um að haldið verði áfram á sömu braut og Kirkjuþing unga fólksins verði fastur liður í starfsemi íslenski Þjóðkirkunnar á ári hverju.

**Sunna Dóra Möller**

**Æskulýðsprestur í Akureyrarkirkju og verkefnisstjóri Kirkjuþings unga fólksins 2012.**